2008 nr. 48 29. maí
Lög um ráðstöfun andvirðis vatnsréttinda kristfjárjarðanna Merkis og Arnarhóls

Tóku gildi 6. júní 2008. *Breytt með* l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **fjármála- og efnahagsráðherra** eða **fjármála- og efnahagsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ 1. gr.

□ Sveitarstjórn Fljótsdalshéraðs er heimilt að ráðstafa andvirði vatnsréttinda kristfjárjarðanna Merkis og Arnarhóls á Jökuldal til félagslegra framkvæmda í sveitarfélaginu.

□ Ráðstöfun andvirðis vatnsréttindanna skal háð samþykki [ráðuneytisins][1)] og vera samræmanleg hinum forna tilgangi kristfjárgjafa.

[1)] *L. 126/2011, 479. gr.*

■ 2. gr.

□ Lög þessi öðlast þegar gildi.

ELDRI ÚTGÁFA